

Breiðagerðisskóli

2025 - 2026



7.

Bekkur

Efnisyfirlit

Árganganámskrá.....	3
Kennarar í árganginum.....	3
Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum	4
Nestis- og matarmál nemenda	4
Endurvinnsla.....	5
Í Breiðagerðisskóla er allur úrgangur flokkaður. Nemendur gegna þar stóru.....	5
Heimanám	5
Námsmat.....	5
Starfið í árganginum.....	6
Íslenska.....	7
Stærðfræði	11
Samfélagsgreinar	15
Náttúrugreinar	19
Enska	23
Danska	29
Upplýsinga og tæknimennt.....	33
Myndmennt	37
Textílmenn	37
Hönnun og smíði.....	39
Heimilisfræði.....	40
Tónmennt	41
Skólaíþróttir.....	42
Sund.....	44
Stoðþjónusta	45

Árganganámskrá

Í árganganámskrá 2. bekkjar kemur fram áætlun um það helsta sem nemendur árgangsins koma til með að læra á skólaárinu. Námskrá árgangsins er samin í samræmi við [Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011, Greinasvið 2013](#), stefnu Reykjavíkurborgar og stefnu Breiðagerðisskóla. Endurskoðun árganganámskráa vegna nýrra greinanámskráa er hafin en mislangt komin sjá nýja aðalnámskrá [hér](#).

Kennarar í árganginum

Davíð Eldur Bjarnason	umsjónarkennari
Hólmfríður Þorvaldsdóttir	umsjónarkennari
María Ingibjörg Ragnarsdóttir	umsjónarkennari
Linda Björk Pétursdóttir	danska og enska
Viktor Berg Arnarson	íþróttir og sund
Guðrún Þóra Elfar	íþróttir
Mínerva Alfreðsson	heimilisfræði
Steinunn Svansdóttir	textílmennt
Elínóra Kristinsdóttir	myndmennt
Halla Leifsdóttir	hönnun og smíði
Ásdís Björg Gestsdóttir	tónmennt

Samstarf við foreldra um félagslíf í árganginum

Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011) kemur fram að menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla. Samstarfið snýst annars vegar um nám og velferð hvers einstaklings og hins vegar um starf í einstökum árgöngum um nám félags- og tómstundarstarf. Samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og upplýsingamiðlun beggja aðila.

Foreldrafulltrúar eru valdir úr hverjum árgangi og hafa þeir skv. 4.gr. laga Foreldrafélags Breiðagerðisskóla eftirfarandi hlutverk: að starfa með stjórn foreldrafélagsins við að efla og styrkja samstarf við foreldra innbyrðis, vinna með kennurum við skipulagningu á bekkjarfundum, skemmtunum og öðrum verkefnum. Þannig er leitast við að styrkja innra starf skólans og treysta samband heimila og skóla. Foreldrar hafa unnið að jólaskemmtunum með því að koma með veitingar á sameiginlegt hlaðborð.

Nestis- og matarmál nemenda

Í Aðalnámskrá Grunnskóla, Almennum hluta (2011) kemur fram að skólar skuli stuðla að heilsusamlegu fæðuvali með fræðslu og góðu framboði á fjölbreyttum mat. Lýðheilsustöð hefur sett fram heildstæðar ábendingar um almennt matarræði skólabarna. Við skipulag og matseðlagerð fyrir Breiðagerðisskóla hafa ábendingar frá Lýðheilsustöð verið hafðar að leiðarljósi. Breiðagerðisskóli kaupir hádegismat af Skólamat. Nemendum í Breiðagerðisskóla gefst kostur á að kaupa hollan og næringarríkan hádegisverð. Starfsfólk Breiðagerðisskóla vill beina þeim tilmælum til foreldra að senda börn sín með hollt nesti í skólann. Mælst er til að ekki séu notaðar einnota drykkjarumbúðir en þess í stað notaðir drykkjarbrúsar undir drykki.

Sætindi eru eingöngu leyfð þegar við gerum okkur dagamun. Í þeim tilfellum fá foreldrar tilkynningu með tölvupósti frá kennurum.

Við viljum minna á að Breiðagerðisskóli er hnetulaus skóli.

Endurvinnsla

Í Breiðagerðisskóla er allur úrgangur flokkaður. Nemendur gegna þar stóru hlutverki. Þeir sjá um að fara með lífrænan úrgang í flokkunarstöð og flokka pappír, plast og málma í kennslustofunum. Allir árganga fá fræðslu um nauðsyn þess að flokka úrgang og þar útskýrð jákvæð áhrif flokkunar á umhverfið. Einn af grunnþáttum menntunar í Aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er sjálfbærni. Algengasti skilningur á hugtakinu sjálfbærni er að við skilum umhverfinu til afkomenda okkar í ekki lakara ástandi en við tókum við því. Umhverfið og náttúran umlykja allt mannlegt samfélag. Nemendur þurfa því að þekkja, skilja og virða náttúruna. Umhverfisvernd er því dæmi um eitt úrlausnarefni sjálfbærrar þróunar og er því mikilvægt að vekja nemendur til umhugsunar um flokkun úrgangs og gefa þeim tækifæri til að vera virkir þátttakendur í því.

Heimanám

Nemendur fá heimanám á föstudögum og skila á miðvikudögum. Það verður birt í dagbók Mentor og skráð í föstudagspóst. Tilkynning verður sett inn á Mentor og merkt inn á Mentor ef heimanámi hefur ekki verið skilað.

Námsmat

Námsmat í 1.-7. bekk er reglubundinn þáttur í skólastarfinu og er megin tilgangur þess að veita leiðbeinandi upplýsingar um námið. Námsmatið er fjölpætt og verður m.a. metin þekking, samvinna, leikni og vinnubrögð ásamt frumkvæði og skapandi hugsun. Námsmatsaðferðir eru fjölbreyttar og verður m.a. stuðst við kennaramat, sjálfsmat, jafningjamat og mat á einstökum

verkefnum. Námsmatsviðtöl eru tvisvar á þessu skólaári, en þá ræða nemendur, foreldrar og kennarar nám nemenda og líðan þeirra í skólanum. Fyrri viðtalið er í október og þá meta nemendur sjálfir í samvinnu við foreldra sína ýmsa þætti sem tengjast skólastarfinu og námi og skólastarfi og verður það ásamt mati kennara til umræðu á fundinum. Annað viðtalið er í lok janúar og því viðtali stýra nemendur.

Í upphafi annar setja kennarar inn námslotur fyrir hverja námsgrein. Þar koma fram þau hæfniviðmið sem stefnt er að með áætlunum, einnig markmið og leiðir hvernar greinar til að uppfylla þau hæfniviðmið.

Námsmatið byggir á símati sem felur í sér að kennarar setja öðru hvoru eftir því sem við á nýtt mat inn í Mentor. Matið byggist alltaf að einhverju leyti á sjálfsmati nemenda þannig eru þeir þátttakendur í matinu.

Læsi í víðum skilningi er einn af grunnþáttum menntunar í nýrri Aðalnámskrá. Í 7. bekk eru lögð fyrir lesskilningspróf í október og í lok apríl. Prófin kanna hversu vel nemendum gengur að skilja meginefni í texta, átta sig á staðreyndum, skilja erfið orð og orðasambönd, lesa milli lína og draga ályktanir. Prófin eru því greinandi og auðvelda kennurum að leiðbeina nemendum við námið, þannig að lesskilningur nemenda haldi áfram að þróast. Einnig eru lögð fyrir lesfímipróf í september, janúar og maí. Prófin mæla hversu vel börnin hafa náð tæknilegum lestri, þ.e. hraði og nákvæmni.

Starfið í árganginum

Í þessum árgangi vinnum við saman sem ein heild. Kennararnir bera sameiginlega ábyrgð á öllum nemendum og koma að kennslu allra nemenda. Hver umsjónarkennari hefur umsjón með ákveðnum nemendum. Árganginum er skipt í mismunandi hópa með það að markmiði að allir nemendur kynnist sem best.

Mikil áhersla er á sjálfstæðan lestur nemenda. Því er yndislestur þrisvar til fjórum sinnum í viku. Þá lesa nemendur í bók að eigin vali í 20 mínútur. Einnig er sjálfstæður lestur hluti af heimavinnu nemenda.

Heimalestur er skráður í heimalestrarhefti og er skilað inn alla föstudaga.

Íslenska

Markmið í íslensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla-Greinasvið – Íslenska.](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum áherslu á í vetur.

Talað mál og hlustun

Meginmarkmið

Að nemendur:

- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og stærri hópum
- þjálfist í að lesa upphátt sögur og ljóð með réttum áherslum og hrynjandi
- tileinki sér þær reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu og fari eftir þeim
- geti talað skýrt og áheyrilega við ýmis tækifæri
- nýti sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýnan hátt
- geti farið eftir munnlegum fyrirmælum kennara
- fylgist með umræðum og taki þátt í þeim
- geti átt góð samskipti, hlustað og gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi

Efnisþættir

Lestur á bundnu og óbundnu máli, hlustun á upplestur nemenda, kennara og af hljóðbók ásamt umræðum um námsefnið.

Leiðir að markmiðum

Nemendur verða þjálfaðir í að kynna verkefni sín fyrir öðrum ásamt því að þeir sýni hver öðrum virðingu með því að hafa kyrrð og næði þegar aðrir tala. Lögð

er áhersla á að nemendur hlusti af athygli þegar kennari gefur þeim fyrirmæli um verkefni eða kemur til þeirra mikilvægum skilaboðum. Nemendur verða þjálfaðir sérstaklega í framsögn og upplestri í tengslum við „Stóru upplestrarkeppnina“.

Námsgögn

Ljóðabækur, ýmsir bókmenntatextar og textar í tengslum við námsefnið.

Heimanám

Nemendur æfa sig í að lesa upphátt texta fyrir „Stóru upplestrarkeppnina“.

Lestur og bókmenntir

Meginmarkmið

Að nemendur

- velji sér bækur eftir áhugasviði og lesi sér til ánægju
- kynnist mismunandi bókmenntatextum, s.s. skáldsögum, smásögum, þjóðsögum, ævintýrum, goðsögum auk fræðirita
- átti sig á nokkrum bókmenntahugtökum s.s. tíma , sögusviði, sjónarhorni og boðskap
- geti beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða s.s. rím, ljóðstafi, hrynjandi, persónugervingar, líkingar og boðskap
- geti aflað sér upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna og lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga
- geti lesið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum og túlkað þær
- læri að nýta sér dagblöð til öflunar á upplýsingum og verði meðvitaðri um þjóðmálin og umhverfi sitt

Efnispættir

Yndislestur, upplestur, hljóðlestur, upplýsingaöflun, umræður, orðaforði, lesskilningur, hugtakamyndun.

Leiðir að markmiðum

Nemendur lesa bækur að eigin vali í yndislestri. Einnig eru lesnir valdir bókmenntatextar, ljóð og nemendur vinna eftir aðferðum gagnvirks lesturs.

Þegar nemendur hafa náð tökum á þeirri aðferð verða myndaðir leshringir þar sem nemendum verður skipt í fámenna hópa og undirbýr hver hópur sig með því að lesa sama texta og vinna verkefni úr honum fyrir umræður í leshring.

Nemendur lesa skáldsögu og vinna fjölbreytt verkefni samhliða lestrinum.

Námsgögn

Orðspor 3, Í föðurleit, og fleiri bækur, frjálslestrarbækur, valin ljóð og bókmenntatextar

Heimanám

Allir nemendur eiga að lesa bækur að eigin vali í a.m.k. tuttugu mínútur á dag.

Þeir sem ekki hafa náð tilskildum leshraða eiga að lesa upphátt hluta af tímanum.

Ritun

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti tjáð hugsanir og skoðanir sínar í rituðu máli og samið eigin texta
- geti dregið saman aðalatriði úr texta og skráð niður
- geti notað upphaf, meginmál og lokaorð
- noti fjölbreyttan orðaforða, skrifi skipulega frásögn og rétt stafsetta
- læri helstu reglur í stafsetningu
- hafi náð góðum skriftarhraða og geti skrifað skýrt og læsilega

- geti skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu og vísað til heimilda

Efnispættir

Útdrættir, tengiskrift, uppsetning texta, sögu- og ljóðagerð

Leiðir að markmiðum

Nemendur munu skrifa texta þar sem unnið verður með orðhluta og lyklatríði. Þannig þjálfast nemendur í að draga saman aðalatriði úr lengri textum og skrá hann niður. Unnið verður með ákveðinn orðaforða sem nemendur eru að vinna með og hann notaður sem uppistaða í nýjan texta. Þannig þjálfast nemendur í að nota fjölbreyttan orðaforða á margvíslegan hátt. Nemendur skrifa texta eftir hefðbundnu ritunarferli þ.e. með upphafi, meginmáli og lokaorðum. Lögð er áhersla á vandaða skrift í öllum skriflegum verkefnum.

Námsgögn

Ýmis verkefni, veraldarvefurinn og bækur af bókasafni.

Málfræði

Meginmarkmið

Að nemendur;

- átti sig á hvernig orðaforðinn skiptist í í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra
- þekki nafnorð úr texta og þekki kyn, tölu og fall
- þekki sagnorð úr texta og þekki nútíð, þátíð, nafnhátt, persónu og tölu sagnorða
- þekki lýsingarorð úr texta og þekki kyn, tölu og fall lýsingarorða og geti stígbreytt þeim
- þekki töluorð, upphrópanir og hlutverk þeirra
- þekki fornöfn

- þekki stofn sagnorða, nafnorða og lýsingarorða og geti nýtt sér það í stafsetningu
- þekki mun á beinni og óbeinni ræðu
- geti notað orðtök og málhætti í töluðu og rituðu máli og greint notagildi þeirra í texta
- beiti þekkingu sinni á málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar og geri sér gein fyrir fjölbreytileika málsins
- beiti þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst sitt eigið, talað og ritað

Efnisþættir

Málsgreinar, sérhljóðar, samhljóðar, stafrófið, rím, samnöfn, sérnöfn, samheiti, andheiti, kyn, tala, fall, nafnorð, lýsingarorð, sagnorð, fornöfn, orðtök og málshættir.

Leiðir að markmiðum

Nemendur vinna munnlega og skriflega að verkefnum í tengslum við framangreind atriði. Í stafsetningu er farið yfir allar helstu stafsetningareglurnar og nemendur þjálfast í að nýta sér þær. Lögð er áhersla á að nemendur nýti stafsetningareglurnar við vinnu í öðrum námsgreinum. Nemendur vinna hugtakakort út frá helstu atriðum og hugtökum málfræðinnar.

Námsgögn

Málrækt 3, Orðspor 3, ýmis verkefni af Skólavefnum, kennsluforrit, veraldarvefurinn, bækur af bókasafni.

Heimanám

Nemendur vinna verkefni sem taka á ofangreindum efnisþáttum.

Stærðfræði

Markmið í stærðfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla-Greinasvið-Stærðfræði](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Að geta spurt og svarað með stærðfræði

Meginmarkmið

Að nemandi

- geti rætt um stærðfræðileg hugtök
- geti leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni þar sem þarf að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu
- geti túlkað og greint einfaldar teikningar og myndrit sem tengjast daglegu lífi

Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti notað margvíslega framsetningu til að sýna að hann skilji innbyrðis tengsl stærðfræðinnar
- túlkað og notað einföld stærðfræðitákn, þar með talið breytur og einfaldar formúlur, túlkað milli táknmáls og daglegs máls
- geti sett sig inn í og tjáð sig, bæði munnlega og skriflega, um ólíkar leiðir við lausnir stærðfræðiverkefna
- getur valið og notað hvaða verkfæri eru hentug við hvert viðfangsefni
-

Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar

Meginmarkmið

Að nemandi:

- getur sett fram á skipulegan hátt og rökrætt stærðfræðilega með því að nota hlutbundin gögn og skráningu

- geti lesið einfaldan fræðilegan texta og notað upplýsingar þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir
- undirbúið og flutt kynningar á eigin vinni með stærðfræði
- unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda
- geti unnið verkefni úr umhverfinu eða samfélaginu, þar sem þarf að afla upplýsinga og vinna úr þeim og finna lausn

Tölur og reikningur

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti notað ræðar tölur, raðað þeim og borið þær saman
- notað tugakerfisrithátt og sýnt að hann skilur sætiskerfi
- skráð hlutföll og brota á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósentu
- reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölum
- geti leyst viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi og umhverfi með hugarreikningi, vasareikni og skriflegum útreikningum
- notað almenn brot, tugabrot og prósentur við útreikninga á daglegum viðfangsefnum
- nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerðanna, þekkir og getur nýtt sér hugtökin andhverf aðgerð og víxlregla

Algebra

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti sett fram og greint talnamynstur og lýst mynstrum með tölum, myndum, orðum á táknmáli algebrunnar
- notað bókstafi fyrir óþekktar stærðir í einföldum stæðum og jöfnum

- fundið lausnir á jöfnum og ójöfnum með því að nota andhverfa aðgerð og víxlreglu við reikning, bæði í huga og á blaði

Rúmfræði og mælingar

Meginmarkmið

Að nemandi:

- notað hugtök og aðferðir rúmfræðinnar til að útskýra hversdagsleg og fræðileg fyrirbrigði
- geti greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir, speglað, snúið og hliðrar flatarmyndum
- geti notað mælikvarða og einslögun í tengslum við teikningar, áætlað ummál, flatarmál og rúmmál í raunverulegum stærðum
- geti áætlað og mælt horn, þyngd, tíma og hitastig með viðeigandi mælikvarða og dregið ályktanir af mælingum

Tölfræði og líkindi

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti safnað og unnið úr gögnum, miðlað upplýsingum um þau, m.a. með töflum og myndritum
- geti gert einfaldar tölfræðirannsóknir og dregið einfaldar ályktanir af þeim
- getur útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum
- getur reiknað út líkur í einföldum tilvikum

Efnisþættir

Talnaleikni, gráður og horn. Reikniaðgerðirnar fjórar: samlagning, frádráttur, margföldun og deiling. Almenn brot, tugabrot og prósentur. Tölfræði, líkur, meðaltal og miðgildi. Rökhugsun, tvívíð form og þrívídd, flatarmál og rúmmál. Mynstur og algebra. Neikvæðar tölur, þrautir og orðadæmi. Hlutföll og

hnitakerfi.

Leiðir að markmiðum

Stefnt verður að því að hafa kennsluhætti sem fjölbreyttasta. Hluti kennslunnar fer fram sameiginlega í bekknum með innlögn og samantekt. Nemendur fá síðan góðan tíma til úrvinnslu, einir eða með öðrum. Stór hluti námsins fer fram í samvinnu nemenda í litlum hópum og eru þá umræður afar mikilvægar. Einnig eru leikir gagnleg kennsluaðferð og verður nýtt að einhverju leiti.

Námsgögn

Grunnbækur: Stika 3A og 3B, nemendabækur og æfingarhefti. Ítarefni er Geisli 3A og 3B ásamt efni útbúið af kennara eftir því sem þörf er á.

Heimanám

Nemendur skila heimaðæmum reglulega. Þá verða nemendur sendir heim með efni ef þeir þurfa að vinna eitthvað upp.

Samfélagsgreinar

Markmið í samfélagsgreinum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið - Samfélagsgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur

Landafræði

Meginmarkmið

Að nemendur:

- öðlist þekkingu á löndum Evrópu, landsháttum, menningu, siðum og venjum.
- efli skilning á landfræðilegum hugtökum og þjálfist í lestri korta og grafa.
- átti sig á hvernig landslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.

- geri sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis.
- verði færari í afla sér upplýsinga á sjálfstæðan hátt.

Efnispættir

Bók lesin, verkefni unnin í tengslum við hana, kortalestur, þemaverkefni um ákveðið Evrópuland.

Leiðir að markmiðum

Landafræði er kennd á haustönn. Áhersla er lögð á að vinna með lykilhugtök landafræðinnar í tengslum við landakort. Einnig verður unnið með hugtök landafræðinnar þar sem nemendur nýta sér hugtakakort og vinna saman að þeim. Þessi vinna verður samofin íslenskukennslunni, upplýsinga- og tæknimennt. Verkefnin verða bæði unnin einstaklingslega og í hópum. Nemendur nota einnig veraldarvefinn og dagblöð til að afla sér upplýsinga. Við upplýsingaöflun nýta nemendur sér aðferðir gagnvirks lesturs. Unnið verður með höfuðborgir Evrópu og þekkta staði.

Námsgögn

Evrópa álfan okkar, kortabækur, myndbönd og annað efni sem kennari leggur fram.

Heimanám

Nemendur lesa heima reglulega og vinna í vinnubækur valin verkefni.

Íslandssaga

Meginmarkmið

Að nemendur:

- fái innsýn í sögu Íslands frá Gamla sáttmála árið 1262 fram til 1900.
- geri sér grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegrar menningar, trúar og lífsviðhorfa.
- rætt á upplýsandi hátt um tímabil, atburði og persónur sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.

- fái innsýn í hugmyndafræði sem var ríkjandi á þessum tíma og setji það í samband við atburði í sögu þjóðarinnar.
- fái skilning á sögu landsins og skilji að sú þekking hefur gildi fyrir líf okkar í dag.
- geti lýst einkennum lýðræðislegra samfélagshátta.

Efnispættir

Lestur, umræður, verkefnavinna og hópavinna. Unnið verður með kennsluaðferðir leiklistar þar sem það á við.

Leiðir að markmiðum

Íslandssaga er kennd á vorönn. Fjallað verður um stjórnsmál þessa tímabils, erlent konungsvald, atvinnuhætti, siðaskiptin og trúarátök. Einnig um einokunarverslunina, handritasöfnun, þéttbýlismyndun, upphaf Reykjavíkur, daglegt líf landsmanna á þessu tímaskeiði. Lögð er áhersla á að efla skilning nemenda á að stefnur og straumar í heiminum hafi áhrif hér á landi. Því verður fjallað um erlend ríki og menningarstrauma sem höfðu áhrif hér og tengsl Íslands við önnur lönd.

Tímabilinu verður skipt í aldir og verður unnið með aldirnar með söguaðferð. Nemendur kynna verkefni sín hvert fyrir öðru. Nemendur nýta sér aðferðir gagnvirks lestur við upplýsingaöflun og einnig nýta þeir veraldavefinn. Unnið verður með lykilhugtök í íslenskutímum og sögulegar skáldsögur sem byggja á atburðum þessa tímabils kynntar og lesið úr þeim í bókmenntatímum.

Námsgögn

Sögueyjan 1-2, Ein grjóthrúga í hafinu, Miðaldafólk á ferð, ýmsar handbækur, Söguatlas, Öldin okkar og efni af veraldarvefnum.

Heimanám

Nemendur lesa heima reglulega og vinna valin verkefni.

Heimspeki

Meginmarkmið

Að nemendur geti:

- Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.
- Tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum.
- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- Rætt um eigin athafnir og afleiðingar þeirra.
- Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.

Efnisþættir

Þjálfun í að hlusta á skoðanir annarra og virða þær. Samskipti og reglur. Að læra að færa rök fyrir máli sínu. Hvernig á að haga sér í samræðum. Hvað er mikilvægt í lífinu. Siðferðileg álitamál. Gagnrýnin hugsun.

Leiðir að markmiðum

Umræður í tímum, lestur á stuttum sögum, verkefnavinna og hópavinna.

Námsgögn

68 æfingar í heimspeki. Hugrún (Lesbók og vinnubók). Efni af veraldarvefnum (m.a. af [Heimspekivef Garðaskóla](#) og [Verkefnabanka Heimspekitorgsins](#)).

Lífsleikni

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að takast á við lífið á ábyrgan hátt.

- tileinki sér félagslega færni og hvaða ábyrgð því fylgir að vera þátttakandi í lýðræðislegu þjóðfélagi, tilheyra fjölskyldu og eiga vini og féлага.
- rækti með sér þann hæfileika að vinna með öðrum og setja sig í spor annarra.
- kynnist markvissri námstækni, tímastjórnun og hvernig hægt er að nota markmið til að ná því sem stefnt er að.
- geri sér grein fyrir kostum þess að vera reyklaus.
- geri sér grein fyrir skaðsemi áfengis og annarra vímuefna
- þjálfist í framsögn og því að koma fram fyrir hópi.
- þekki það skólaumhverfi sem bíður þeirra í Réttarholtsskóla.

Efnisþættir

Samskipti og reglur. Kennsla í námstækni. Þjálfun í að hlusta á skoðanir annarra og virða þær. Umfjöllun um heilbrigðar lífsvenjur. Grunnatriði ræðumennsku. Undirbúningur undir skólaskipti að lokinni veru í Breiðagerðisskóla.

Leiðir að markmiðum

Bein kennsla, umræður, ýmsir leikir, hópvinna, einstaklingsvinna, hlutverkaleikir, myndbönd og vettvangsheimsóknir.

Námsgögn

Valin verkefni frá kennurum tengd framangreindum markmiðum.

Náttúrugreinar

Markmið í náttúrugreinum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið - Náttúrugreinar](#)

Hér eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Hæfniviðmið um verklag

Geta til aðgerða

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti greint þarfir fólks í nánasta umhverfi sínu og tjáð hugmyndir sínar um lausnir
- geti rætt mikilvægi samvinnu í samstilltum aðgerðum sem varða eigið umhverfi

Nýsköpun og hagnýting þekkingar

Meginmarkmið

Að nemandi:

- fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans

Gildi og hlutverk vísinda og tækni

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geri sér grein fyrir mikilvægi gagna og líkana við að útskýra hluti og fyrirbæri
- geti lesið og skrifað um hugtök í náttúruvísindum
- geti útskýrt áhrif tækni og vísinda á líf fólks

Vinnubrögð og færni

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti beitt vísindalegum vinnubrögðum við öflun einfaldra upplýsinga innan náttúruvísinda og útskýrt ferlið
- framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inn
- geti sett fram og rætt niðurstöður athugana á skýran og skipulegan hátt
- hlustað á, metið og rætt hugmyndir annarra

Ábyrgð á umhverfinu

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti tekið eftir og rætt atriði í umhverfinu sínu, gert grein fyrir áhrifum þeirra á lífsgæði íbúa
- geti tekið þátt í að skoða, skilgreina og bæta eigið umhverfi og náttúru
- geti gert grein fyrir eigin lífssýn og skilningi á samspili náttúrunnar, mannsins og heilbrigði eigin líkama

Hæfniviðmið um viðfangsefni

Að búa á jörðinni

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti rætt um hvernig ræktanlegt land er notað og ýmsar hliðar landnotkunar og verndunar gróðurs

Lífsskilyrði manna

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í grófum dráttum
- geti útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er
- geti útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu
- geti gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun
- geti lýst samspili lífvera og lífvana þátta og tengt það hugmyndum manna um uppruna og þróun lífs á jörðu

Náttúra Íslands

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti lýst ólíkum vistkerfum á heimaslóð eða við Ísland
- geti lýst og útskýrt hvernig orka í íslensku umhverfi getur breytt um mynd
- geti lýst reynslu sinni, athugun og upplifun af lífverum í náttúrulegu umhverfi

Heilbrigði umhverfisins

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti gert grein fyrir notkun manna á auðlindum
- geti dregið ályktanir af tilgangi flokkunar úrgangs
- geti gert grein fyrir og nefnt dæmi um efnabreytingar og hamskipti

Samspil vísinda, tækni og þróunar í samfélaginu

Meginmarkmið

Að nemandi:

- geti bent á algeng efni á heimilum og í samfélaginu, notkun þeirra og áhrif á heilsu manna og umhverfi
- geti gert grein fyrir næringargildi ólíkrar fæðu og hvers konar fæða er framleidd á Íslandi

Efnisþættir

Úr lífvísindum: mannslíkaminn, þroski, heilbrigði, einkenni lífvera, vistkerfi, búsvæði, hringrásir, fæðuvefur og sjálfbærni.

Úr jarðvísindum: áhrif hafa, vatnsfalla og jökla. Einnig er fjallað um orku og orkulindir.

Úr eðlis-og efnavísindum: frumeindir, sameindir, massi, rúmmál, varmi, hamskipti, leysni og hitaþensla.

Umhverfismennt: umhverfi og lífsgæði íbúa, umhverfi og náttúra.

Leiðir að markmiðum

Vinna nemanda fer fram bæði í einstaklings- og hópavinnu en reynt verður að hafa kennsluaðferðir sem fjölbreyttastar, t.d. með umræðum í tímum, ýmiskonar verkefnavinnu, tilraunum og útikennslu. Áhersla verður líka lögð á ýmiskonar vinnu með lykilhugtök, og við upplýsingaöflun nýta nemendur sér t.d. aðferðir gagnvirks lesturs. Nemendur birta niðurstöður sínar munnlega, skriflega, myndrænt og kynna vinnu sína fyrir öðrum. Einnig verður farið í vettvangsferðir.

Námsgögn

Maðurinn, hugur og heilsa, Auðvitað 3, Líf á landi, ítarefni frá kennara, vettvangsferðir, efni af veraldarvef, fræðibækur og myndbönd tengd efninu.

Heimanám

Nemendur lesa heima fyrir suma tímana og vinna valin verkefni.

Enska

Markmið í ensku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Erlend tungumál](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur. (Sjá lotur inn á Mentor).

Talað mál og hlustun

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti tjáð sig út frá orðaforða sem unnið hefur verið með.
- þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum.
- þjálfist í hlustun og að lesa upphátt ýmsa texta.

Efnispættir

Nemendur hlusta á fjölbreytta texta, ljóð og lög á ensku af hljóðdiskum og horfa á enskar myndir

Leiðir að markmiðum

Nemendur hlusta á upplestur af hljóðdiski og vinna verkefni. Nemendur lesa texta á ensku upphátt og vinna með þá t.d. með því að þýða þá og að vinna með þá á fjölbreyttan hátt.

Áhersla er lögð á að þjálfar nemendur í hlustun og töluðu máli. Mikið er lagt upp úr umræðum samhliða hlustun og söng og lestri Áhersla verður lögð á hlustun og talað mál. Mikil áhersla lögð á að auka orðaforða nemenda með ýmsum verkefnum. Unnið með aukinn orðaforða . Nemendur vinna einstaklingslega sem og í hópum ýmis verkefni. Þeir birta niðurstöður sínar munnlega og kynna vinnu sína hver fyrir öðrum. Mikil áhersla verður lögð á að nemendur æfi sig sem mest með að tala enskuna í tímum. Það auðveldar þeim að ná betri tókum á málinu og gerir þá öruggari. Meiri áhersla er lögð á að tala sem mest enskuna og reynt að útskýra fyrir nemendum á ensku það sem að þeir eiga að gera í tímum. Þeir kynna einnig yndislestrarbækur sínar í ensku að lestri loknum.

Námsgögn

Nemendur vinna með Lesbókina Yes we can 7 lestrar-og vinnubók. Einnig vinna nemendur rafrænt þjálfunarefni sem fylgir vinnubókunum. Það má nálgast það inn á slóðinni www.yeswecan.is/innskráning. Nemendur nota sama notendanafn og lykilorð en það er notendanafn: nemandi og lykilorð: nemandi. Einnig verður unnið með lestrar-og vinnubókina Action A. Einnig vinna nemendur í öðrum þemabókum, og kynnast fjölbreyttum textagerðum í ensku- bæði fræðitextum, fróðleikstextum og þematengdum textum . Nemendur vinna með yndislestur í ensku og velja sér lesbækur til að lesa tengt áhugasviði þeirra.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum.

Nemendur vinna í vinnubækur valin verkefni . Þeir vinna einnig ýmiss verkefni.

Lestur og bókmenntir

Meginmarkmið

Að nemendur

- Geti lesið stuttar sögur og frásagnir í þeim tilgangi að finna ákveðnar upplýsingar (leitarlestur).
- Þjálfist í að lesa fjölbreytta texta.
- auki lestrarhæfni sína og orðaforða

Efnisþættir

Þýðing texta yfir á íslensku og yfir á ensku. Nemendur fá léttlestrarbækur og vinna verkefni tengd þeim. Smásögur, fræðitextar, ljóð, söngtextar og ævintýri frá ýmsum löndum.

Leiðir að markmiðum

Nemendur lesa texta á ensku og vinna með hann t.d. að þýða hann og að vinna með hann á fjölbreyttan hátt. Fjölbreyttir textar eru lesnir og margvísleg verkefni eru unnin úr þeim í verkefnabók og á vinnublöð. Mikil áhersla lögð á að auka orðaforða nemenda með ýmsum verkefnum. Nemendur vinna mikið með orðaforðavinnu úr textanum sem að þeir lesa og vinna margvísleg verkefni tengdum þeim. Unnið verður með gagnvirkan lestur með ýmsum bókum á ensku . Unnið með aukinn orðaforða . Nemendur vinna einstaklingslega sem og í hópum ýmis verkefni úr textunum. Þeir birta niðurstöður skriflega og myndrænt og kynna vinnu sína hver fyrir öðrum. Nemendur lesa valda texta og vinna með þá eftir aðferðum gagnvirkis lesturs. Nemendur hlusta á bókmenntaefni af diskum og kennari les fyrir þá.

Nemendur lesa ólesinn texta með það í huga að finna ákveðnar upplýsingar. Þeir fá þjálfun í að leita að þeim. Nemendur æfa sig í að ná upplýsingum úr texta og draga ályktanir af því sem þeir hafa lesið. Áhersla er lögð á skilning nemenda á þeim texta sem þeir lesa.

Námsgögn

Nemendur vinna einkum í vinnubókunum Yes we can 7 og Action les-og vinnubók A. Einnig vinna nemendur í öðrum þemabókum þar sem farið er ýtarlegar yfir ýmis lesskilningsverkefni. Nemendur kynnast fjölbreyttum textagerðum í ensku-bæði fræðitextum, fróðleikstextum og þematengdum textum.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum.

Nemendur lesa ákveðinn texta og vinna verkefni út frá honum. Nemendur fá eina viku til að skila þeim til kennara.

Ritun

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti skrifað einfaldan texta frá eigin brjósti.
- Geti skrifað stuttar sögur og langar setningar.
- Þjálfist í að nota hugtakakort til að nýta sér ákveðinn orðaforða.

Efnisþættir

Þýðing texta yfir á íslensku og yfir á ensku. Nemendur fá léttlestrarbækur og vinna verkefni tengd þeim. Nemendur þjálfast að skrifa stuttar sögur og frásagnir. Nemendur skrifa stutta texta eftir upplestri. Þeir vinna með orðaforða með því að útbúa orðasafn og hugtakakort.

Leiðir að markmiðum

Nemendur hlusta á upplestur af hljóðdiski og vinna verkefni samhliða lestri. Einnig eru ýmis ítarefni unnin í stílabók og á ljósrituðum blöðum frá kennara. Ýmis verkefni eru unnin í verkefnabók og á vinnublöð. Mikil áhersla er lögð á að auka orðaforða nemenda með ýmsum fjölbreyttum verkefnum. Nemendur vinna mikið með orðaforðavinnu, og útbúa flóknari hugtakakort á ensku en áður. Unnið með aukinn orðaforða. Nemendur vinna einstaklingslega sem og í hópum ýmis verkefni. Þeir birta niðurstöður sína skriflega og myndrænt og kynna vinnu sína hver fyrir öðrum. Nemendur glósa eftir kennara. Nemendur þjálfast áfram í að skrifa spurningum í stílabækur í heilum setningum. Nemendur eru þjálfaðir í að semja eigin texta með hjálp ritunarramma af ýmsum gerðum. Í stafsetningu fá nemendur að horfa á ákveðinn texta í tvær mínútur og mega glósa þau orð sem þeim finnst erfið. Síðan er textinn lesinn upp og nemendur skrifa eftir upplestri. Nemendur mega nota þau orð sem þeir náðu að glósa. Nemendur ná upplýsingum úr texta, svara beinum spurningum úr textanum og draga ályktanir af því sem þeir hafa lesið bæði skriflega og á myndrænan hátt. Mikil áhersla er lögð á að þjálfar nemendur að leita í ensk-enskum orðabókum og orðabókarbönkum af neti.

Námsgögn

Nemendur vinna einkum í lestrar og vinnubókinni Yes we can 7, ásamt gagnvirku efni sem fylgir bókunum, Action lesbók og Action vinnubók A. Einnig vinna nemendur í öðrum þemabókum. Þeir fá einnig ljósrituð verkefni og ítarefni frá kennara.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum.

Nemendur vinna í vinnubækur valin verkefni. Þeir semja einstaka sinnum ritunarsögur og verkefni úr Action vinnubókunum. Þeir fá eina viku til að ljúka heimanámsverkefnum.

Málfræði

Meginmarkmið

Að nemendur

- geti beitt eftirtöldum málfræðiatríðum: Nafnorðum, lýsingarorðum, tíðum sagna og greini.
- þekki undirstöðuatríðin í málfræði s.s. forsetningar, fleirtölu, sagnir og óákveðinn greini.
- þjálfist í að vinna með orðaforða með því að útbúa orðasafn (t.d. nafnorð, sagnorð eða lýsingarorð).

Efnisþættir

Spurnarfornöfn, fleirtala, óákveðinn greinir, ákveðinn greinir, lýsingarháttur nútíðar, þátíð, sögnin að vera, stigbreyting lýsingarorða, forsetningar, eignarfornöfn, persónufornöfn, þátíð óreglulegra sagna.

Leiðir að markmiðum

Nemendur þjálfast í að finna orð sem eru í þátíð o.s.frv. Þeir vinna málfræðiafingar í vinnubók og í stílabók. Einnig eru ýmis ítarefni unnin í stílabók og á ljósrituðum blöðum frá kennara.

Ýmis verkefni eru unnin í verkefnabók og á vinnublöð. Mikil áhersla lögð á að auka orðaforða nemenda með ýmsum fjölbreyttum verkefnum. Nemendur vinna mikið með orðaforðavinnu og vinna með hugtakakort út frá helstu atriðum og hugtökum málfræðinnar. Stuðst er við aðferðir Orð af orði. Unnið er með aukinn orðaforða. Nemendur vinna einstaklingslega sem og í hópum ýmis verkefni. Þeir birta niðurstöður sínar skriflega og myndrænt og kynna vinnu sína hver fyrir öðrum. Orðabækur eru notaðar til að skoða merkingu og helstu einkenni ýmissa orða. Bæði er um hefðbundnar orðabækur að ræða og orðabanka af neti.

Námsgögn

Nemendur vinna einkum í lestrarbókinni Yes we can 7 lestrar-og vinnubók, og í Action lestrar-og vinnubók A. Einnig vinna nemendur í öðrum þemabókum . Þeir fá einnig ljósrituð verkefni og ítarefni frá kennara.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum.

Nemendur vinna í vinnubækur valin verkefni í málfræði. Þeir fá eina viku til að skila heimanámi.

Danska

Markmið í dönsku er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Erlend tungumál](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur. (Sjá lotur inn á Mentor).

Talað mál og hlustun

Meginmarkmið

Að nemendur

- Þjálfist í að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum
- skilji þegar töluð er danska á skíru og einföldu máli um efni sem tengist daglegu lífi þeirra.
- geti heilsað, kynnt sig og þakkað fyrir sig og afsakað sig með viðeigandi orðalagi.

Efnisþættir

Nemendur læra danska stafrófið og framburð þess, algeng orð tengd fjölskyldunni –til dæmis nafn, aldur, þjóðerni, fjölskylduheiti o.s.frv., dönsku tölustafina (1-100), vikudagana, árstíðirnar, klukkuna, ýmis líkamsheiti, fataheiti, litina, matarheiti, orðaforða tengdum heimili og skóla,. Nemendur hlusta á tónlist og læra dönsk sönglög, hlusta á danskar sögur/texta (af bókum og hljóðsnældum) . Nemendur fara einnig á netið og vinna með ýmis konar forrit

og skrifa stuttar ritunarsögur á dönsku og kynnast menningu Danmerkur með því að fara inn á danskar heimasíður og ýmsar síður um Danmörk.

Leiðir að markmiðum

Nemendur taka þátt í umræðum til að ná færni í að tala hvert við annað.

Nemendur æfa sig í að lesa upphátt og ná upplýsingum úr texta og svara beinum spurningum úr textanum. Þeir taka virkan þátt í umræðum. Nemendur vinna einstaklingslega sem og í hópum ýmis verkefni. Þeir birta niðurstöður sínar munnlega og kynna vinnu sína hver fyrir öðrum. Unnið verður með samvinnunám, þar sem nemendur vinna saman að lausn verkefna en hafa hver sitt hlutverk í hópnum. Nemendur þjálfast þannig í að ræða saman á dönsku, spyrja hver annan spurninga og svara í heilum setningum(nöfn, heimili, þjóðerni, aldur og fleira). Nemendur hlusta á upplestur af hljóðdiski og vinna ýmis verkefni tengd því Meiri áhersla verður lögð á að nemendur reyni að tala sem mest saman á dönsku á seinni önninni þegar þeir hafa öðlast meiri orðaforða.

Námsgögn

Námsbókin Start (lestrar-og vinnubók) ,vinnubækur frá kennara, minnisbækur nemenda, hljóðspólur með sögum og söngvum og myndbönd á dönsku.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum.

Lestur og bókmenntir

Meginmarkmið

Að nemendur

- auki orðaforða sinn
- geti lesið stutta texta
- Þjálfist í að lesa fjölbreytta stutta texta

Efnisþættir

Fjölbreyttir einfaldir textar, ljóð og söngvar

Leiðir að markmiðum

Nemendur lesa ólesinn texta með það í huga að finna ákveðnar upplýsingar.

Nemendur æfa sig í að ná upplýsingum úr texta og draga ályktanir af því sem þeir hafa lesið. Þeir svara spurningum einstaklingslega og semja spurningar úr texta. Þeir vinna saman í hópavinnu að myndrænni og skriflegri útfærslu verkefna sem þeir kynna fyrir samnemendum. Áhersla er lögð á skilning nemenda á þeim texta sem þeir lesa.

Námsgögn

Námsbókin Start (lestrar-og vinnubók) ,vinnubækur frá kennara og minnisbækur nemenda.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum. Einnig skrifa nemendur skrifleg verkefni einstaka sinnum og fara þá heim með stílabækur og verkefnabækur til að geta unnið í heima.

Ritun

Meginmarkmið

Að nemendur

- þjálfist í að skrifa þann orðaforða sem er verið að vinna með
- geti svarað spurningum skriflega úr lestexta
- þjálfist að nota hugtakakort til að nýta sér ákveðinn orðaforða

Efnisþættir

Nemendur þjálfast sig í að skrifa danska stafrófið, algeng orð tengd fjölskyldunni –til dæmis nafn, aldur, þjóðerni, fjölskylduheiti o.s.frv., dönsku tölustafina (1-100), vikudagana, árstíðirnar, klukkuna, ýmis líkamsheiti, fataheiti, litina, matarheiti, orðaforða tengdum heimili og skóla. Nemendur skrifa stutta texta eftir upplestri. Þeir vinna með orðaforða með því að útbúa orðasafn og hugtakakort og skrifa stutta texta eftir upplestri. Þá eru ákveðin atriði tekin fyrir

í hvert skipti eins og t.d. ávextir, matur, fjölskyldan, tölurnar, nafnorð, lýsingarorð, föt, litir o.s.frv.

Leiðir að markmiðum

Nemendur ná upplýsingum úr texta, svara beinum spurningum úr textanum og draga ályktanir af því sem þeir hafa lesið bæði skriflega og á myndrænan hátt.

Nemendur glósa eftir kennara. Mikil áhersla er lögð á að þjálfarar nemendur að leita í dönsk- dönskum orðabókum og í orðabönkum af neti. Mikil áhersla er lögð á textavinnu þannig að nemendur verði færir um að skrifa einfalda texta á póstkort og þýða einfalda texta af íslensku yfir á dönsku og öfugt. Einnig vinna nemendur hugtakakort í orðaforðavinnu. Ýmis konar ítarefni er unnið í stílabók og á ljósrituð blöð frá kennara. Nemendur æfa sig í að ná upplýsingum úr texta með því að svara beinum spurningum úr textanum. Einnig útbúa nemendur rafræna orðabók úr þeim orðaforða sem þeir vinna með. Orðaforði er einnig þjálfður rafrænt. Þá fara nemendur inn á eftirfarandi hlekkir <https://mms.is/krakkavefir> og velja námsgreinina „danska“ og æfa sig í kennsluforritinu „Start“ en þar er að finna þemu tengd orðunum sem verið er að vinna með. Dæmi: „Hvor kommer du frá“, „Tøj og farver“ og fleira. Það má einnig benda á linkinn „ www.duolingo.com „. Duolingo hefur margt til síns ágætis eins og að þjálfarar orðaforða jafnt í ensku sem dönsku.

Námsgögn

Námsbókin Start (lestrar-og vinnubók) , ásamt ítarefni frá kennara og minnisbækur nemenda.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum. Einnig skrifa nemendur skrifleg verkefni einstaka sinnum og fara þá heim með stílabækur og verkefnabækur til að geta unnið í heima.

Málfræði

Meginmarkmið

- þjálfast í að nýta sér orðabækur og orðasöfn af neti
- þjálfast í að vinna með nafnorð, sagnorð og lýsingarorð

Efnisþættir

Nafnorð, sagnorð, lýsingarorð, eintala, fleirtala og nútíð sagna. Aðeins byrjað að vinna með þátíð sagna.

Leiðir að markmiðum

Unnið er með undirstöðuatriði í danskri málfræði. Notað er hlítarnám þegar undirstöðuatriði málfræðinnar eru kennd. Þá er endurtekið unnið með ákveðin málfræðiatriði þar til nemendur hafa tileinkað sér þau betur. Einnig vinna nemendur hugtakakort út frá helstu atriðum og hugtökum málfræðinnar ásamt orðaforðavinnu. Þeir vinna málfræðiæfingar í vinnubók og í stílabók.

Námsgögn

Námsbókin Start (lestrar-og vinnubók) ,vinnubækur frá kennara og minnisbækur nemenda.

Heimanám

Gert verður ráð fyrir heimanámi ef nemendur ná ekki að ljúka verkefnum í tímum. Einnig skrifa nemendur skrifleg verkefni einstaka sinnum og fara þá heim með stílabækur og verkefnabækur til að geta unnið í heima.

Upplýsinga og tæknimennt

Markmið í upplýsinga og tæknimennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Upplýsinga- og tæknimennt](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Vinnulag og vinnubrögð

Meginmarkmið

Að nemendur:

- geti nýtt sér upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum
- geti nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám
- geti sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum
- geti beitt réttir fingrasetningu

Upplýsingaöflun og úrvinnsla

Meginmarkmið

Að nemandi

- geti nýtt sér fjölbreyttar leiðir til að afla sér upplýsinga
- geti nýtt rafrænt og gagnvirktt námsefni á fjölbreyttan hátt
- þjálfist í því að vera gagnrýnninn á upplýsingar sem finna má á netinu
- nýtt forrit við einfalda framsetningu gögnum
- geti nýtt sér APA heimildarskráningarkerfið

Tækni og búnaður

Meginmarkmið

Að nemandi

- getur nýtt forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu gagna
- læri flýtleiðir á lyklaborði
- læri mun á því að vinna á netinu eða á heimsvæði

Sköpun og miðlun

Meginmarkmið

Að nemandi

- geti nýtt forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt

Siðferði og öryggismál

Meginmarkmið

Að nemandi

- geti sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildaöflun
- farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigum samskiptum og gögnum á neti og netmiðlum.
- geri greinarmun á áreiðanlegum heimildum og óáreiðanlegum heimildum

Efnisþættir

Þjálfun fingrasetningar, Word ritvinnsla, internetið.

Leiðir að markmiðum

Nemendur skrifa ritgerð um land í Evrópu og er verkefnið unnið í samvinnu við samfélagsfræði. Nemendur leita að upplýsingum bæði í bókum af bókasafninu og af internetinu. Skrifa upp ritgerð og fara svo í tæknilegu hliðina á uppsetningu. Kennsluhættir verða bein kennsla og spegluð kennsla.

Aðstoð er veitt hverjum og einum eftir þörfum.

Námsgögn

Notast er við Microsoft office forrit og fingrasetning er einnig æft með forriti frá Námsgagnastofnun.

Heimanám

Nemendur gætu fengið heimanám að klára verkefnin.

Upplýsingalæsi

Meginmarkmið

Að nemendur

- kunni á leitar- og útlánakerfi safnsins og hafi lært að nýta sér það til gagn og ánægju
- Geti nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi
- læri að vera stöðugt gagnrýnin á gæði upplýsinga
- geti unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá
- eflist stöðugt í lestri bæði til stuðnings námi og til skemmtunar
- séu stöðugt hvattir til lesturs

Efnisþættir

Flokkunarkerfi, útlánakerfi, bækur, lestur, heimildaöflun, lykilorð, upplýsingaveitur, lestur, hvatning, gagnrýni

Leiðir að markmiðum

Hvert efni er rætt og kynnt og unnið út frá því. Upplestur og frjálsir tímar eru hluti af kennslunni. Kennsla í menningar- og upplýsingalæsi er samofin og fer fram á bókasafninu. Upplestur fer fram reglulega og eru frjálsir tímar nýttir til að nemendur kynnist safninu á eigin forsendum og geti aðstoðað m.a. við útlánaþáttinn og að ganga frá safngögnum í hillur. Unnið í hópum þegar það á við. Lögð er áhersla á að samþætta menningar- og upplýsingalæsi við aðrar námsgreinar.

Námsgögn

Stuðst er m.a. við bókina *Leitum og finnum á skólasafni I* höf. Kristín Unnsteinsdóttir og Ragnhildur Helgadóttir. Ýmis safngögn eru notuð ásamt verkefnum við hæfi hverju sinni, m.a. er leitað fanga á netinu.

Heimanám

Ekkert.

Myndmennt

Markmið í myndmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Listgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- nýti námsgleði, skapandi hugsun og gott verklag, í samræmi við aldur og þroska
- sýni góð samskipti sem byggjast á samvinnu, tillitssemi og kurteisi, gagnvart samnemendum og starfsfólki skólans
- fái tækifæri til að skapa og reyna sig í ýmsum miðlum
- læri hugtök og fái innsýn í listasögu

Leiðir að markmiðum:

- Innlögn, kveikja sem unnið er út frá. Sýnikennsla, samtal, skoðanaskipti,
- og frásögn.

Efnisþættir:

Eru fjarvídd, litafræði, formfræði, myndbygging og listasaga. Teiknun, málun og mótun úr leir.

Textílmennt

Markmið textílmennt er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – Verkgreinar](#) Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- nýta sér áunna þekkingu í vinnu verkefna
- auki sjálfstæði í notkun eigin hugmynda og í vinnubrögðum
- þjálfist í sníðagerð og geri sér grein fyrir mikilvægi sníðagerðar í vélsaumi
- þjálfist í vönduðum vinnubrögðum og góðum frágangi
- geri sér grein fyrir mikilvægi þess að fara vel með efni og áhöld

Efnisþætti

Nemendur velja sér mynd til að sauma út í með krossasaumi. Þau læra að telja út í mynstri og sauma eftir því. Nemendur læra sníðagerð og taka upp snið ásamt því að bæta við saumfari. Áhersla er lögð á að nemendur sýni frumkvæði að verkefnavali og hvattir til að útfæra eigin hönnun og nýta sér áunna þekkingu.

Leiðir að markmiðum

Hópinnlögn og sýnikennsla. Kynntar þær hugmyndir og vinnuaðferðir sem áhersla er lögð á.

Nemendur skissa upp fyrirhugað verk þegar hægt er að koma því við.

Lögð rík áhersla á að nemendur sýni hugmyndaauðgi við hönnum á verkum sínum

Eftir það er einstaklingskennsla, kennari aðstoðar hvern og einn nemanda þar sem hann er staddur í vinnuferlinu, þess er gætt að verkefni séu við hæfi hvers og eins.

Nemendum kennd rétt beiting og umgengni við vélar og verkfæri.

Áhersla er lögð á að nemandi vandi vinnubrögð og sé sjálfstæður í vinnubrögðum og þjálfist í sjálfsmati á vinnu sinni.

Auk þess er lögð áhersla á góða umgengni í stofunni, og um efni og áhöld og að nemendur taki sameiginlegan þátt í að ganga frá í stofu í lok hvers tíma þrátt fyrir að 2 umsjónarmenn veljist í hverjum tíma til endanlegs frágangs.

Námsgögn

Verkfæri og áhöld greinarinnar, textílefni,prjónar, ullargarn, garn, bækur, blöð og vinnulýsingar

Heimanám

Nemendur geta tekið vinnu með sér heim með leyfi kennara þegar hægt er að koma því við.

Hönnun og smíði

Markmið í hönnun og smíði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla - Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- læri að rækta námsgleði, skapandi hugsun og verklag, í samræmi við aldur og þroska
- læri að rækta góð samskipti sem byggjast á samvinnu, tillitssemi og kurteisi, gagnvart samnemendum og starfsfólki skólans
- læri góða umgengni um stofu, efni og áhöld
- læri góða umgengni um skólann, umhverfið og náttúruna
- læri helstu hugtök og heiti greinarinnar sem eru til áherslu hverju sinni
- læri að saga út með silfursög
- læri að nota dremel til yfirborðsskreytinga
- læri að móta mál

Efnisþættir

Áhersla lögð á málmsmíði, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Nemendur búa til hálsmen úr málmi og mynd úr álfólíu.

Leiðir að markmiðum

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og verkfæri sem nota þarf til smíðinnar og þáttur nemenda í mismunandi hönnunarútfærslum verkefnisins tilgreindur. Nemendum er kennd rétt beiting verkfæra og umgengni við vélar. Einstakir verkþættir eru útskýrðir með sýnikennslu, ýmist í hóp- eða einstaklingskennslu, eftir því sem hentar hverju sinni. Nemendur meta eigin frammistöðu og annarra í ákveðnum verkþáttum. Í öllum árgöngum er unnið með endurvinnslu efnis. Lögð er áhersla á sjálfstæð og vönduð vinnubrögð ásamt samvinnu og kurteisi í samskiptum. Auk þess er lögð áhersla á góða umgengni í stofunni, um efni og áhöld og að nemendur gangi sameiginlega frá í stofu í lok hvers tíma.

Námsgögn

Ferilmappa nemenda, verkfæri smíðastofunnar, skriflegar leiðbeiningar og ýmiskonar efni.

Heimanám

Nemendur gera athuganir á umhverfi sínu og náttúru til að dýpka skilning sinn á inntaki námsgreinarinnar.

Heimilisfræði

Markmið í heimilisfræði er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – List- og verkgreinar](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Markmið:

Að nemendur:

- geri sér grein fyrir samhengi heilsu og lífstíls
- þekki mismunandi aðferðir við matreiðslu og bakstur
- temji sér sjálfstæði og frumkvæði
- fái þjálfun í samvinnu og samstarfi og geti sett sig í spor annarra

Efnispættir

Næringarefnin, neysluvenjur og lífsstíll, ráðleggingar Lýðheilsustöðvar um mataræði. Vinnubrögð og vinnustellingar. Siðir, venjur og þjóðlegar hefðir í matargerð.

Leiðir að markmiðum:

Í upphafi hvers verkefnis fer fram hópinnlögn. Kynnt eru þau efni og áhöld sem notuð verða við gerð verkefnis. Innlögn er ýmist í formi sýnikennslu eða verkefni útskýrð myndrænt. Nemendur vinna ýmist saman eða einstaklingslega.

Verkefnin eru bæði skrifleg og verkleg. Lögð er áhersla á hollt fæði, bæði í skóla og heima. Búnaðar eru til léttar máltíðir og brauð bökuð. Nemendur framreiða matinn, leggja á borð og ganga frá eftir matinn. Nemendur vinna saman í litlum hópum að gerð verkefna. Lögð er áhersla á orð og hugtök sem tilheyra námsefninu.

Námsgögn:

Gott og gagnlegt 3, verkefni af veraldarvef, bækur og tímarit sem fjalla um mat og matarmenningu. Hráefni samkvæmt verkefnavali.

Tónmennt

Hæfniviðmið fyrir tónmennt í Aðalnámskrá grunnskóla skiptast í þrjá meginflokka sem eru: Söngur og hljóðfæraleikur, hlustun og greining, og sköpun og skráning. Hæfniviðmiðin má finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið – Verkgreinar](#)

Í 7. bekk er megináhersla á tónlistarflutning bæði sem söng og á hljóðfæri tónmenntarstofunnar.

Meginmarkmið 7. bekkjar skólaárið 2025-2026 eru:

Að nemendur

- syngi og spili fjölbreytt lög í hóp
- skapi einfaldar útsetningar eða frumstef í hópum
- spili í hópum einfaldar útsetningar á ýmsum lögum
- syngi raddaðar laglínur svo sem í keðjusöng og fimmundasöng
- virði umgengisreglur við hljóðfæri kennslustofunnar
- leiki hryn á takthljóðfæri í samspili við aðra
- geti greint helstu stílbrigði geti rætt um eigin tónlist og samnemenda út frá smekk og upplifun með kurteisum og uppbyggjandi hætti
- taki þátt í flutningi á einföldum útsetningum fyrir hljóðfæri og söng fyrir samnemendur

Efnispættir

Söngur, markviss hlustun, rytmi (kroppaklapp og takthljóðfæri), þrástef, laglínur og hljómar á laglínuhljóðfæri, hreyfing og leikir.

Leiðir að markmiðum

Söngur, hljóðfæravinna, tónlistarleikir, umræður, hlustun

Námsgögn

Ýmis verkefni og útsetningar úr fórum kennara

Heimanám

Einstaka sinnum getur verið að nemendur séu beðnir um að æfa söngtexta heima.

Skólaíþróttir

Markmið í skólaíþróttum er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið - Skólaíþróttir](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur.

Meginmarkmið

Að nemendur

- öðlist stjórn á líkama sínum
- öðlist jákvætt viðhorf til hreyfingar
- öðlist jákvæðari sjálfsmynd
- öðlist meira áræði
- styrki gróf- og fínhreyfingar
- öðlist betra þrek og þol
- öðlist færni í samvinnu og leik

Efnispættir

Alhliða grunnþjálfun ýmsir leikir og æfingar, þrautabrautir, hringþjálfun, knattleikir, áhöld, frjálsar íþróttir, útihlaup og útivera, stöðvaþjálfun, teygjur og slökun.

Leiðir að markmiðum

Meginmarkmið skólaíþrótta er m.a. að stuðla að alhliða þroska hvers nemanda, efla heilsufar hans og afkastagetu. Markvisst íþrótta- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan. Eitt af mikilvægari markmiðum skólaíþrótta er að styrkja sjálfsmynd nemenda, auka sjálfstraust þeirra og áræði. Við markmiðasetninguna er tekið mið af þroskaþáttum nemenda: skyn- og hreyfiþroska, líkams- og fagurþroska, félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska og vitsmunaprof.

Á miðstigi er lögð áhersla á styrkjandi og liðkandi æfingar sem leggja grunn að þreki og líkamsreisn hvers nemanda. Með tilliti til þroska taugakerfis þessa aldurshóps eru nemendur mjög móttækilegir fyrir öllu hreyfinámi og námsáhugi þeirra er yfirleitt mikill á þessum aldri. Því er einnig lögð áhersla á færnimiðuð markmið af ýmsum toga. Hér er m.a. um að ræða undirstöðuatriði helstu íþróttagreina sem stundaðar eru hér á landi. Stefnt er að

Því að byggja ofan á þann grunn sem fyrir er frá aðlögunartímabili fyrstu skólaára þar sem leikræn atriði og jákvæð upplifun eru meginmarkmið kennslunnar. Nauðsynlegt er á þessum aldri að huga að sérstöðu kynjanna, áhugasviði þeirra og hæfileikum. Þó svo að leikræn nálgun undirstöðuatriða ýmissa íþrótta, styrkjandi og mótandi æfingar ásamt leiknum sé rauður þráður í kennslunni skal huga vel að verkefnum sem efla félags-, tilfinninga- og siðgæðisþroska nemenda. Einnig skal á markvissan hátt efla þekkingu nemenda á íþróttum og heilsurækt samhliða verklegri útfærslu. Markmið í efnisflokkum þessa áfanga byggjast m.a. á ofangreindum atriðum.

Kennsluefni

Bækur og rit um íþróttir og leiki. Ýmis áhöld smá og stór, skólalóð og Íþróttasalur.

Sund

Markmið í sundi er að finna í [Aðalnámskrá grunnskóla – Greinasvið - Skólaíþróttir](#)

Neðangreind markmið eru þau markmið sem við leggjum aðaláherslu á í vetur

Meginmarkmið

Að nemendur

- verði sjálfsöruggir og færir í vatninu
- þjálfist í félagsþroska (í formi leikja)
- fái þjálfun í ýmsum æfingum með og án áhalda
- þjálfist í samvinnu í sundleikjum
- læri fjölbreyttar æfingar sem reyna á samhæfingu hreyfinga
- geti synt 300 m bringusund, synt á minna en 10 mín.
- geti synt 50 m skólabaksund, stílsund
- geti synt 15 m björgunarsund með jafningja, (skólabaksundsfótatök)

- geti synt 8 m kafsund, stílsund
- geti stungið sér.
- geti synt 50 metra bringusund (lágmarkstími 74.0 sek)
- geti synt 25 metra skriðsund (lágmarkstími 32.0 sek)
- Fræðist um gildi sundiðkunar með tilliti til almennrar líkams-og heilsuræktar
- þekki helstu öryggisatriði og samskiptareglur sundstaða
- læri að bera virðingu fyrir þörfum annarra og mismunandi getu félaga sinna

Efnisþættir

Bringusund, skriðsund, kafsund, skólabaksund og björgunarsund

Leiðir að markmiðum

Í gegnum leik og keppni upplifa nemendur jákvætt viðhorf til æfinga og leikja í vatni. Æfingar og leikir í vatni auka velliðan og styrkja samskipti. Hópkennsla er aðalformið, en einnig er leikjaformið mikið notað. Notuð verður stöðvaþjálfun til að nemendur þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Nemendur læri að meta hættur sem geta fylgt leik í sundlaugum.

Námsgögn

Sundflá, boltar og allskonar dýr og hringir til að kafa eftir er mikið notað.

Stoðþjónusta

Stoðþjónusta Breiðagerðisskóla er samheiti yfir stuðningskerfi sem styður við almenna kennslu innan skólans. Hún getur falist í ráðgjöf til kennara varðandi nám og kennslu og/eða annað sem snýr að nemendum. Yfirleitt snúa verkefnin þó að nemendum og varða kennslu og stuðning til lengri eða skemmri tíma og/eða mat á stöðu þeirra.

Skólinn reynir að mæta öllum nemendum og veita þeim nám við hæfi. Stoðþjónustan er ein af leiðum skólans til koma til móts við þarfir nemenda sem af einhverjum ástæðum þurfa sérstakan stuðning í námi, í langan eða skemmri

tíma. Stoðþjónustan getur falist í að gera breytingar á námsmarkmiðum, námsumhverfi, kennsluaðferðum og námsmati miðað við það sem almennt gerist og stundum er kennt samkvæmt markmiðum einstaklingsnámskrár.

Einstaklingsnámskrá er einstaklingsmiðuð kennsluáætlun þar sem fram kemur staða nemenda í námi, ákveðin markmið sem nemandi er ætlað að ná á skólaárinu og aðferðir sem notaðar eru til að meta hvort nemandinn hafi náð settum markmiðum. Nemendur geta verið með einstaklingsnámskrá í einni eða fleiri námsgreinum.

Stoðþjónustan nær yfir sérkennslu og stuðning, námsráðgjöf og aðra sérfræðiaðstoð. Innan hennar starfa eftirtaldir aðilar:

- **Sérkennarar** eða kennarar sem sjá um sérkennslu ýmist í hópum eða einstaklingsbundið, inn í bekk eða í sérkennslustofu. Þeir aðstoða kennara við aðlögun námsefnis og námsmats þegar þörf er á og í samvinnu við kennara og þroskaþjálfar vinna þeir einstaklingsnámskrár og áætlanir fyrir nemendur.
- **Þroskaþjálfar** vinna yfirleitt með ákveðnum nemendum en styðja einnig við ákveðna nemendahópa til dæmis hvað varðar félagsfærni. Þeir vinna náið með kennurum og sérkennurum við gerð einstaklingsnámskrár og áætlana fyrir nemendur.
- **Stuðningsfulltrúar** vinna undir leiðsögn deildarstjóra, kennara og þroskaþjálfar við að styðja nemendur námslega og félagslega. Þeir vinna mest inn í bekk og bæði með einstaklingum og hópum.
- **Nemendaráðgjafi** stendur vörð um velferð allra nemenda, styður þá og liðsinnir í málum sem snerta nám, skólavist og líðan nemenda. Hann heldur einnig utan um eineltisáætlun skólans.

Að auki á Breiðagerðisskóli, eftir því sem þurfa þykir, samstarf við ýmsa sérfræðinga og stofnanir utan skólans sem koma að málefnum nemenda.

Stoðþjónustan á til að mynda náið samstarf við Norðurmiðstöð þar sem starfa til dæmis talmeinafræðingar, sálfræðingar og fleiri aðilar.

Að síðustu má nefna það innan Breiðagerðisskóla starfar nemendaverndarráð sem fundar að öllu jafna aðra hvora viku. Þar sitja skólastjórnendur, deildarstjóri stoðþjónustu, námsráðgjafi, sálfræðingur frá þjónustumiðstöð og hjúkrunarfræðingur á vegum heilsugæslunnar.

Deildarstjóri stoðþjónustu er Ragna L. Jakobsdóttir

Nemendaráðgjafi er Guðlaug Sigurðardóttir